

Föstudaginn 27. janúar 1995 kl. 14:00

Ákvörðun nr. 5/1995

Happdrætti Háskóla Íslands

Samkeppnisstofnun barst með ódagsettu bréfi þann 10. janúar erindi frá auglýsingastofunni Hér og Nú þar sem beðið er um að stofnunin tæki til meðferðar auglýsingar Happdrættis Háskóla Íslands. Í bréfinu er bent á þau atriði sem auglýsingastofan óskar eftir að tekin verði til meðferðar.

Samkeppnisstofnun gaf Happdrætti Háskóla Íslands kost á því að koma athugasemdum sínum á framfæri vegna málsins. Einnig fékk auglýsingastofa Happdrætti Háskóla Íslands, auglýsingastofan Argus, afrit af bréfinu þannig að hún gæti komið athugasemdum sínum á framfæri.

Athugasemdir Happdrættis Háskóla Íslands bárust með bréfi dags. 17. janúar og athugasemdir auglýsingastofunnar Argusar bárust með bréfi dags. 18. janúar s.l.

Á fundi auglýsinganefndar þann 20. janúar var eftirfarandi samþykkt:

"1. Happdrætti Háskólans fullyrðir "mestu vinningslíkurnar í íslensku stórhappdrætti" . Þessi fullyrðing er röng og brýtur í bága við 21.gr. samkeppnislaga.

2. Happdrættið fullyrðir að vinningshlutfall sé eitt það hæsta í heimi. Happdrætti Háskóla Íslands hefur ekki sýnt fram á að fullyrðingin sé rétt og brýtur hún því í bága við 21.gr. samkeppnislaga.

3. Happdrættið auglýsir: "Happdrætti Háskóla Íslands", "vænlegast til vinnings".

Fullyrðingin er ósönnuð og brýtur því í bága við 21.gr. samkeppnislaga.

4. Í auglýsingu Happdrættisins er fullyrt: "Best varðveitta fjármálaleyndarmál Íslandssögunnar".

Happdrætti Háskóla Íslands hefur ekki fært sönnur á ofangreinda fullyrðingu.

Fullyrðingin telst því ósönnuð og er brot á 21.gr. samkeppnislaga.

5. Staðhæft er að áhættan sé minnst í happdrætti Háskóla Íslands.

Happdrætti Háskóla Íslands hefur ekki sýnt fram á að fullyrðingin sé rétt og brýtur hún því í bága við 21.gr. samkeppnislaga.

Auglýsinganefnd leggur til að Samkeppnisráð banni auglýsingar sem hafa að geyma fullyrðingar eins og lýst er hér að ofan.

6. Í bréfi auglýsingastofunnar Hér og Nú sem barst Samkeppnisstofnun þann 10. janúar er kvartað yfir því að auglýsingastofan Argus noti setningar og hafi hannað útlit úr auglýsingum unnum af Hér og Nú auglýsingastofu. Það er ekki hlutverk auglýsinganefndar að fjalla um meint brot á höfundarlögum. Nefndin tekur því ekki afstöðu til þessarar kvörtunar".

Ákvörðunarorð:

"Vegna auglýsinga Happdrættis Háskóla Íslands að undanfögnu samþykkir Samkeppnisráð eftirfarandi:

1. Happdrætti Háskólans fullyrðir "mestu vinningslíkurnar í íslensku stórhappdrætti". Þessi fullyrðing er röng og brýtur í bága við 21.gr. samkeppnislaga.

2. Happdrættið fullyrðir að vinningshlotfall sé eitt það hæsta í heimi. Happdrætti Háskóla Íslands hefur ekki sýnt fram á að fullyrðingin sé rétt og brýtur hún því í bága við 21.gr. samkeppnislaga.

3. Happdrættið auglýsir: "Happdrætti Háskóla Íslands", "vænlegast til vinnings".

Fullyrðingin er ósönnuð og brýtur því í bága við 21.gr. samkeppnislaga.

4. Í auglýsingu Happdrættisins er fullyrt: "Best varðveitta fjármálaleyndarmál Íslandssögunnar".

Happdrætti Háskóla Íslands hefur ekki fært sönnur á ofangreinda fullyrðingu. Fullyrðingin telst því ósönnuð og er brot á 21.gr. samkeppnislaga.

5. Staðhæft er að áhættan sé minnst í happdrætti Háskóla Íslands.

Happdrætti Háskóla Íslands hefur ekki sýnt fram á að fullyrðingin sé rétt og brýtur hún því í bága við 21.gr. samkeppnislaga.

Samkeppnisráð bannar samkvæmt heimild í 51. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 auglýsingar Happraættis Háskóla Íslands sem hafa að geyma fullyrðingar eins og lýst er hér að ofan."

[Máli þessu var áfrýjað; sjá Úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli [nr. 6/1995](#)]